



YFIRLIT ÁRSINS 2024

FLUGSVIÐ



Efnisyfirlit


TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS.....	3
TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU	4
RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU	6
NEFNDARFUNDIR.....	7
TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT / MIKILVÆGAR ÁBENDINGAR	8
Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2024:	9
Mikilvægar ábendingar sem gerðar voru á árinu 2024:.....	11
ERLENT SAMSTARF 2024	14
NÁMSKEIÐ og ÆFINGAR 2024.....	14
BANASLYS.....	15
OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2024.....	17
Aldur opinna mála.....	18
Opin mál í árslok	19

TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS

Á árinu 2024 bárust flugsviði RNSA alls 6.871 tilkynningar um flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys. Hefur tilkynningum fjölgað reglulega á milli ára en líklega hafa áhrif Covid-19 mest áhrif á fækkun tilkynninga á árunum 2020-2021, vegna minni umsvifa í flugi.

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um aukna tilkynningaskyldu atvika í flugi. Árið 2007 var fyrsta árið eftir gildistöku hennar og bárust 554 tilkynningar það ár. Atvik eru tilkynnt til Samgöngustofu og fær flugsvið RNSA afrit af þeim til upplýsinga en má þó ekki líta svo á að þar með sé verið að tilkynna formlega um alvarleg atvik eða slys samkvæmt reglum um tilkynningaskyldu til RNSA. Á stundum berast RNSA fleiri en ein tilkynning um sama atvikið og skýrir það m.a. hvers vegna RNSA mælir fleiri tilkynningar en Samgöngustofa. Þess ber að geta að almennt tekur RNSA alvarleg flugatvik og flugslys til rannsóknar en önnur tilkynnt atvik eru til skoðunar/greiningar hjá Samgöngustofu og nýtast meðal annars í úttektum og öðru eftirliti.

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölgun tilkynninga á árunum 2015 til 2024. Á myndinni má sjá verulega fækkun tilkynninga á árunum 2020 og 2021 og er það rakið til almennrar fækkunar flugstunda sökum heimsfaraldurs. Árið 2022 varð aukning tilkynninga að nýju, í samræmi við þróun tilkynninga faraldurinn, og hélt sú aukning áfram árin 2023 og 2024.



Þess ber að geta að aukning á fjölda tilkynninga á árunum 2015-2019, sem og árin 2022-2024, má ekki endilega rekja til þess að öryggi í flugi sé að rýrna heldur frekar að tilkynningarskildir aðilar eru duglegri að tilkynna en áður ásamt aukinnar flugumferðar.

TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU

Á árinu 2024 skoðaði flugsvið RNSA 20 mál af þeim atvikum sem tilkynnt voru. Ekkert flugslys varð á árinu og er það í annað sinn sem ekkert flugslys varð á síðustu 10 árum, en árið 2018 var einnig án flugslyss. Sex mál voru skráð sem alvarleg flugatvik og sex mál sem alvarleg flugumferðaratvik. Að auki aðstoðaði RNSA systurstofnun í erlendu ríki við eina rannsókn tengdu íslensk skráðu loftfari. Voru þessi þrettán mál tekin til formlegrar rannsóknar. Sjö mál reyndust þess eðlis að ákveðið var að rannsaka þau ekki frekar.

Fjöldi alvarlegra flugumferðaratvika hefur verið að aukast og reyndust alls 46% rannsókna flugsviðs RNSA á árinu. Þar af eru rannsóknir alvarlegra flugumferðaratvika við Reykjavíkflugvöll (BIRK) alls 23% rannsókna flugsviðs RNSA á árinu. Rannsóknir alvarlegra flugumferðaratvika við Keflavíkflugvöll (BIKF) eru 15% rannsókna flugsviðs RNSA á árinu og ein rannsókn varð vegna alvarlegs flugumferðaratviks á öðru svæði.


Á reglulegum fundum með Samgöngustofu, hefur aukning flugumferðaratvika meðal annars verið til umræðu og telur RNSA að vert sé að taka það til frekari skoðunar.

Á töflunni hér að neðan má sjá yfirlit skráðra mála hjá flugsviði RNSA á árinu 2024.

Málsnúmer	Flokkun	Heiti	Skráning	Tegund	Staður	Dags
24-003F001	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	Brot úr knývendi	B787	B787	BIKF	11.1.2024
24-004F002	Alvarlegt flugatvik	Snérist í akstri vegna hálfu	TF-ICF	Boeing 737-8	BIKF	13.1.2024
24-005F003	Alvarlegt flugatvik	Fór út af akbraut í hálfu	G-UJEB	Airbus 320	BIKF	14.1.2024
24-009F004	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	Vél Alaska Air snérist í hálfu	óþekkt	óþekkt	BIKF	5.2.2024
24-011F005	Alvarlegt flugumferðaratvik	Rákust saman á flugi	N150YD / N24SR	King Air B200 / King Air B200	Vestmannaeyjar	11.2.2024
24-014F006	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik fyrir flugbraut 19	TF-ICG / TF-PPB	Boeing 737-8 / Airbus 320	BIKF	20.2.2024
24-015F007	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik	TF-FFL / TF-FGB	Textron 172N / Diamond DA-20	BIRK	25.2.2024
24-019F008	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	Reykur frá ofni í fremra eldhúsi	G-YMML	Boeing 777-2000	BIKF	10.4.2024
24-031F009	Alvarlegt flugumferðaratvik	Tvöfalt flugumferðaratvik	TF-FHI / OM-XWB sem og OM-TMH / TF-KFH	Textron 152 / Airbus 350B3 sem og Airbus 350B3 / Diamond DA-40	BIRK	2.8.2024
24-032F010	Alvarlegt flugatvik	Hlekkist á í snertilendingu	TF-BAA	Piper PA-23	Múlakot	6.8.2024
24-033F011	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	Tók á loft frá flugbraut 19 í stað flugbrautar 01	LN-OGZ	Airbus AS350B3	BIRK	7.8.2024
24-034F012	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	Aðskilnaðarmissir	ACA912 / QRT703	óþekktar	Nærri 30°W	14.8.2024
24-042F013	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	Flugumferðaratvik við gosstöðvarnar á Reykjanesi	TF-MYY / TF-RJC	Textron 206F / Piper PA-28	Nærri gosstöðvum við Sundhnjúkagíga á Reykjanesi	25.8.2024

24-045F014	Alvarlegt flugatvik	Missti jafnþrýsting í klifri frá Station Nord flugvelli (BGNO) á Grænlandi	TF-NLA	Textron B200	Í klifri frá Station Nord (BGNO) á Grænlandi	8.9.2024
24-046F015	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	ICE500 hætti við flugtak vegna dráttartækis á flugbraut á BIKF	TF-FIO	Boeing 757-200	BIKF	10.9.2024
24-057F016	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik við BIRK	TF-TWO / TF-FGC	Textron 150L / Diamond DA-20	BIRK	6.10.2024
24-065F017	Alvarlegt flugatvik	Afhleypiloft ekki virkt og einkenni súrefnisskorts hjá flugáhöfn	TF-NLE	Textron B200	Í farflugi á milli BIIS og BIAR	16.11.2024
24-071F018	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flug ICE750 í flugtaki þegar snjóplogur fór inn á flugbrautina á BIKF	TF-ISP	Boeing 767-300	BIKF	2.12.2024
24-072F019	Alvarlegt flugatvik	Óráðanlegir mælar í blindflugi vegna frosins afísingarvökva yfir loftþrýstingskynjara	TF-NLE	Textron B200	BIAR	19.11.2024
24-073F020	RNSA skipar trúnaðarfulltrúa við erlenda rannsókn	Óstöðugt aðflug á lokastefnu	TF-ISX	Boeing 757-300	Verona á Ítalíu	3.2.2024

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar á síðustu 10 árum.



RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU


Á árinu 2024 lauk flugsvið RNSA alls 24 málum. Þar af var fjórum málum lokið með útgáfu á lokaskýrslu. Níu málum var lokað með bókun, eitt mál var sameinað öðru máli og tíu mál reyndust við nánari skoðun vera atvik og voru því ekki rannsökuð frekar.

Málsnúmer	Heiti	Afgreiðsla	Opnað	Lokað
19-001F001	B757/B767 veikindi fólks í flugáhöfnum	Skýrsla	4.1.2019	10.10.2024
22-010F002	TF-ABB hafnaði í Þingvallarvatni	Skýrsla	3.2.2022	2.5.2024
22-087F013	TF-FIG röng hleðsla vöruflutningarvélar á BIKF	Lokað með bókun	4.7.2022	12.12.2024
22-091F017	TF-FIH röng hleðsla vöruflutningarvélar á BIKF	Lokað með bókun	4.10.2022	12.12.2024
23-025F006	TF-KFL út af braut við Stóra-Kropp	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	28.4.2023	12.12.2024
23-028F007	TF-TWO og farartæki á BIRK	Skýrsla	23.4.2023	12.12.2024
23-029F008	TF-FXG Árekstrarhætta við jörð í aðflugi að BIRK	Lokað með bókun	22.5.2023	12.12.2024
23-041F012	TF-MET Hlekkist á í flugtaki á golfvelli í Fljótshlíð	Lokað með bókun	2.7.2023	12.12.2024
23-053F015	TF-KAU ekur á svifvængjamann í lendingarbruni í Múlakoti	Lokað með bókun	29.7.2023	2.5.2024
23-067F023	Flugumferðaratvik TF-TWO og FE1757 í aðflugi að BIRK	Sameinað máli 21-057F011 þemarannsókn	13.9.2023	11.4.2024
23-073F024	TF-LLL rak niður stélið í lendingu á flugvelli í Varanasi á Indlandi	Lokað með bókun	10.11.2023	24.10.2024
23-074F025	TF-205 hlekkist á í snertilendingu á Hólmsheiði	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	19.11.2023	11.4.2024
23-078F026	TF-AMK rak niður stélið í flugtaki í Þýskalandi	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	29.11.2023	12.12.2024
24-003F001	B787 brot úr knývendi á BIKF	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	11.1.2024	27.8.2024
24-004F002	TF-ICF snérist í akstri vegna háliku á BIKF	Lokað með bókun	13.1.2024	12.12.2024
24-009F004	Vél Alaska Air snérist í háliku á BIKF	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	5.2.2024	12.12.2024
24-011F005	N150YD og N24SR rákust saman á flugi við Vestmannaeyjar	Lokað með bókun	11.2.2024	12.9.2024
24-014F006	TF-ICG (ICE29E) á lokastefnu og TF-PPB (FPY6001) í umferðarhring fyrir flugbraut 19 á BIKF	Skýrsla	20.2.2024	12.12.2024
24-019F008	G-YMML reykur frá ofni í fremra eldhúsi	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	10.4.2024	11.4.2024
24-032F010	TF-BAA hlekkist á í snertilendingu í Múlakoti	Lokað með bókun	6.8.2024	10.10.2024
24-033F011	LN-OGZ (EHR52) tók á loft frá flugbraut 19 í stað flugbrautar 01	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	7.8.2024	15.8.2024
24-034F012	ACA912 og QRT703 aðskilnaðarmissir FL340 nærri 30°W	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	14.8.2024	19.8.2024
24-042F013	TF-MYY og TF-RJC flugumferðaratvik við gosstöðvarnar á Reykjanesi	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	25.8.2024	19.9.2027
24-046F015	TF-FIO (ICE500) hætti við flugtak vegna dráttartækis á flugbraut á BIKF	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	10.9.2024	5.11.2024

Á árinu 2024 vann RNSA að umfangsmikilli rannsókn vegna banaslyss í Þingvallarvatni á árinu 2022 auk rannsóknar vegna banaslyss á Austurlandi sumarið 2023.

NEFNDARFUNDIR

Á árinu 2024 voru haldnir 24 nefndarfundir á flugsviði RNSA, en að meðaltali hafa verið haldnir um 24 fundir á flugsviði á ári síðustu 10 ár eða um aðra hverja viku.




Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við lokadrög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum.

TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT / MIKILVÆGAR ÁBENDINGAR

Flugsvið RNSA gaf út sjö tillögur í öryggisátt og níu mikilvægar ábendingar til aukins flugöryggis á árinu 2024. Bent er á að það sem áður var kallað tilmæli, kallast nú mikilvægar ábendingar og er það liður í því að samræma útgáfu efnis þvert á svið rannsóknarnefndarinnar. Á síðastliðnu tíu ára tímabili eða frá árinu 2015 hefur flugsvið RNSA gefið út samtals 140 mikilvægar ábendingar (áður tilmæli) og/eða tillögur í öryggisátt sem er um það bil 14 á ári eða rúmlega ein á mánuði.

Munurinn á mikilvægum ábendingum og tillögum í öryggisátt er, samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa, sá að mikilvægar ábendingar eru almenn og ná t.d. til flugmanna eða annarra tengdu flugi en tillögur í öryggisátt fá númer, hafa sérstakt ferli og beinast yfirleitt til eins aðila þar sem viðbragða er óskað með formlegum hætti.

Þeir sem taka við tillögum í öryggisátt skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á og skulu án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að þær bárust, gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim. Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal svo, innan tveggja mánaða frá því að henni var gerð grein fyrir viðbrögðum, tilkynna viðkomandi aðila hvort nefndin telji þau fullnægjandi.



Á árinu 2013 tók flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa við af Rannsóknarnefnd flugslysa sem stofnuð var árið 1996. Ef litið er á lengra tímabil þá hafa þessar stofnanir sameiginlega gefið út samtals 363 tillögur í öryggisátt eða mikilvægar ábendingar (áður tilmæli) frá árinu 1996. Það hafa því verið lagðar fram um 13 tillögur/tilmæli að meðaltali á ári frá árinu 1996, tillögur og tilmæli sem stuðla að auknu flugöryggi og er það rúmlega ein á mánuði síðastliðin 28 ár.

Tillögur í öryggisátt og viðbrögð við þeim má finna á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Nánar um viðbrögð við tillögum í öryggisátt eru uppfærð á vefsvæði RNSA, <http://www.rnsa.is/tilloegur-i-oeryggisatt/>

Ef tillaga í öryggisátt eða tilmæli er á ensku, þá er það vegna þess að skýrslan var skrifuð á ensku.

Á árinu 2024 voru gefnar út sjö tillögur í öryggisátt og níu mikilvægar ábendingar, ýmist til flugmanna almennt, flugumferðarstjóra eða flugvallarstarfsmanna.

Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2024:

22-010F002-T1

RNSA beinir því til Samgöngustofu að innleiða ADS-B senda í öll mönnum loftför sem fljúga í íslensku loftrými.

22-010F002-T2

RNSA beinir því til Landhelgisgæslu Íslands að koma á viðbragðsáætlun fyrir Samhæfingarstöðina, í samvinnu við viðkomandi hagaðila, um hvernig skipulagi, framkvæmd og ábyrgð leitar að týndu loftfari skuli háttað.

22-010F002-T3

RNSA beinir því til Landhelgisgæslu Íslands að Samhæfingarstöðin og aðrir viðbragðsaðilar gæti þess að samræma töluleg gögn og aðrar upplýsingar og úrvinnslu þeirra í tengslum við leit og björgun.

22-010F002-T4

RNSA beinir því til Neyðarlínunnar að bæta eftirfylgni vegna símhringinga án skýrrar tjáningar þess sem hringir.

23-028F007 T01

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Isavia ohf, Isavia ANS ehf og Isavia Innanlandsflugvalla ehf að skoða hvort útvíkka megi verklag, sambærilegt við verklagið í viðauka B, þannig að það nái ekki eingöngu yfir ótímabundið leyfi ökutækja á flugbrautum og akbrautum flugvéla.

23-028F007 T02

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Isavia ohf, Isavia ANS ehf og Isavia Innanlandsflugvalla ehf að fyrirtækin komi fyrir myndbandsupptökubúnaði við starfstöðvar flugumferðarstjóra sem ætlaðar eru til aðstoðar við rannsóknir á vegum RNSA.

23-028F007 T03

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Isavia Innanlandsflugvalla ehf að flugvallarþjónusta og flugumferðarstjórar á BIRK komi sér saman um ákveðið verklag eða aðstæður þar sem tenging (kúplun) tíðna bætir öryggi á flugvellið og það verklag verði fest í sessi.

Mikilvægar ábendingar sem gerðar voru á árinu 2024:

Þemarannsókn um veikindi fólks í flugáhöfnum:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa mælir með því að flugrekendur vakti gæði lofts í loftförum.

Mál 22-010F002:

RNSA beinir því til flugmanna að virða flugreglur varðandi lágmarksflughæð.

RNSA beinir því til flugmanna að lenda ekki utan flugbrauta, nema að ganga úr skugga um að aðstæður séu öruggar.

RNSA beinir því til flugmanna að þeir kynni sér skipulagsskrá (Charter) Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) um aukið öryggi í einkaflugi á litlum flugvélum.

RNSA vekur athygli Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) á vandkvæðum þess að eftirlitsaðilar og rannsakendur flugslysa hafi ekki aðgang að flugtímagögnum flugmanna sem látast í flugslysum og höfðu EASA flugskírteini, ef þau eru vistuð á rafrænu formi á landsvæðum sem ekki lúta lögsögu Evrópuríkja.

Mál 23-028F007:

RNSA minnir flugmanna, flugumferðarstjóra og flugvallar starfsmanna á 12. grein laga nr. 18/2013 um rannsókn samgönguslysa sem snýr að tilkynningaskyldu vegna flugslysa og alvarlegra flugatvika. Þar kemur meðal annars fram að:

Verði flugslys eða alvarlegt flugatvik samkvæmt lögum þessum ber sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd samgönguslysa án ástæðulauss dráttar eða ganga úr skugga um að nefndin hafi fengið vitneskju um slysið.

RNSA ítrekar til Isavia ohf, Isavia ANS ehf og Isavia Innanlandsflugvalla ehf fyrri tillögur/ábendingar, sem sjá má í Viðauka A, til þess að komast hjá atviki sem þessu og hvetur fyrirtækin til þess að endurskoða viðbrögð við þeim.

Mál 23-053F015:

RNSA beinir því til forsvarsmanna flughátíða á óstjórnuðum flugvöllum að radíómaður á jörðu miðli upplýsingum til flugmanna um umferð sem ekki er í talstöðvasambandi.

Mál 24-011F005:

SIA-Iceland emphasizes that pilots should always advise ATC in case of in-flight collision, both for the emergency services to be put on standby and as well if any assistance is required.

ERLENT SAMSTARF 2024

Flugsvið RNSA tók virkan þátt í tengslaneti rannsakenda í Evrópu (ENCASIA) bæði í Belgíu sem og á á fjarfundum. Tengslanetið er á vegum Evrópusambandsins og var sett upp samkvæmt Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 996/2010.

Rannsakandi RNSA sótti Evrópufund ECAC í Stavanger í Noregi í maí ásamt hefðbundnum fundi hjá flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) í Þýskalandi í apríl. Þá sótti rannsakandi RNSA reglubundinn norðurlandafund rannsóknarnefnda flugslysa/samgönguslysa sem haldin var í Svíþjóð í nóvember.

Hefðbundin alþjóðaráðstefna flugslysarannsakenda (ISASI), sem haldin var í Portúgal í október, var sótt af einum rannsakanda RNSA en slík ráðstefna hefur einu sinni verið haldin á Íslandi, árið 2016. Árleg evrópuráðstefna á vegum ESASI var ekki haldin á árinu 2024 þar sem alþjóðaráðstefnan var haldin í Evrópu það ár. RNSA hefur haft fulltrúa í stjórn ESASI frá árinu 2017.

Þegar flugslys eða alvarleg flugatvik eru tekin til rannsóknar hafa önnur ríki svo sem hönnunarríki, ríki framleiðanda og skráningaríki loftfara, rétt til þátttöku í rannsókninni. Í tengslum við rannsóknir sem í gangi voru á árinu 2024 var flugsvið RNSA í samstarfi við erlendar rannsóknarnefndir, svo sem NTSB (Bandaríkin), TSB (Canada), AAIB (Bretland), BEA (Frakkland), ANSV (Ítalía), UEIM (Tyrklandi), Havarikommisjonen (Danmörk), AAIB (Indlandi), BFU (Þýskaland) og CIAIAC (Spánn). Einnig skipaði RNSA trúnaðarfulltrúa (ACCREP) við eina erlenda rannsókn.

NÁMSKEIÐ og ÆFINGAR 2024

RNSA og SCSÍ stóðu að grunnnámskeiði í flugslysarannsóknnum sem haldið var í Reykjavík í febrúar 2024 og sóttu um 20 aðilar námskeiðið.


Á árinu 2024 tók rannsakandi RNSA þátt í jafningjaskoðun (Peer review) á rannsóknarnefndum samgönguslysa á Ítalíu og í Danmörku. Verkefni fólst meðal annars í því að kanna reynslu og stöðu ríkjanna á að eiga við rannsóknir stórslysa (Major accident). Verkefnið er á vegum tengslanets flugslysarannsakenda innan Evrópu, ENCASIA, og mun taka nokkur ár.

Þá stóð RNSA fyrir árlegum fundi sérfræðinga í rannsóknnum flugrita og annarra tækja sem safna gögnum sem nýtast við rannsóknir flugslysa og var fundurinn haldinn á Íslandi á árinu 2024. Alls voru 30 þátttakendur á fundinum og komu víðsvegar að, svo sem frá Japan, Taiwan, Sáði Arabíu, Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum, Kanada, Hollandi, Írlandi, Svíþjóð og Þýskalandi.


BANASLYS

Ekkert banaslys varð í flugi á árinu 2024. Sex banaslys hafa verið í flugi á íslensk skráðum loftförum á síðustu 10 árum. Árið 2015 voru tvö banaslys. Það fyrra varð þegar N610LC, einkaflugvél af gerðinni DHC-2 Beaver, brotlenti í Barkárdal í ágúst 2015 með þeim afleiðingum að ferjuflugmaður lést og flugmaður slasaðist töluvert. Það síðara varð þegar TF-IFC, kennsluflugvél af gerðinni Tecnam P2002JF brotlenti í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar í nóvember 2015 með þeim afleiðingum að tveir menn létust. Á árinu 2019 urðu tvö banaslys, annarsvegar þar sem þrír létust í einkaflugi þegar N3294P, tveggja hreyfla einkaflugvél af gerðinni Piper PA23, brotlenti við Múlakot í júní 2019 og hins vegar þar sem einn lést í einkaflugi þegar TF-CRZ, sem var af gerðinni Piper PA-12 Replica, brotlenti á Haukadalsmelum í júlí 2019. Á árinu 2022 létust fjórir þegar TF-ABB, einkaflugvél af gerðinni Textron 172N, hafnaði í Þingvallarvatni í febrúar 2022 og á árinu 2023 létust þrír þegar TF-KLO, einkaflugvél af gerðinni Textron 172N hafnaði á fjalli á Austurlandi.

Alls hafa því 14 einstaklingar farist í sex flugslysum á síðustu 10 árum á Íslandi.



Á næstu síðu má sjá fjölda banaslysa á íslensk skráðum loftförum frá upphafi. Þar má meðal annars sjá að á árunum 2001 -2008 voru átta ár samfleytt án banaslysa í flugi á Íslandi. Eins og greint er frá að ofan voru engin banaslys á árunum 2016-2018 og að frátöldu átta ára tímabilinu voru síðast þrjú banaslysalaus ár á árunum 1953 – 1955.




OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2024

Í lok ársins 2024 voru 15 mál sem ekki var búið að ljúka á flugsviði RNSA. Er það fækkun um 4 mál frá árinu 2023. Af opnum málum í árslok 2024, voru níu mál frá árinu 2024, þrjú frá árinu 2023, tvö mál frá árinu 2022 og eitt mál frá árinu 2021. Þá er meðalaldur mála undir meðallagi á milli ára og stóð hann við lok árs 2023 í 1,16, en meðaltal síðustu 10 ára er 1,26 ár.


Málsnúmer	Flokkun	Heiti	Skráning	Tegund	Staður	Dags
21-057F011	Alvarlegt flugumferðaratvik	Pemarannsókn um flugumferðaratvik	Margar	Margar	BIRK	Margar
22-042F006	Alvarlegt flugatvik	Neyðarástand vegna eldsneytis	TF-PPA	Airbus 320-200	Á leið til BIKF	13.6.2022
22-068F009	Alvarlegt flugumferðaratvik	Fráhvarfsflug vegna flugvélar á flugbraut 19	TF-ICB	Boeing 737-9	BIKF	31.8.2022
23-016F005	Alvarlegt flugatvik	Í óstjórnaðri lækkun	TC-JJJ	Boeing 777-300	Norðan Langjökuls	13.2.2023
23-042F013	Alvarlegt flugatvik	Hreyfilbilun	TF-NLC	DHC-6-300	BIAR	15.5.2023
23-052F014	Flugslys	Flugslys á hálendi	TF-KLO	Textron 172N	Austurland	9.7.2023
24-005F003	Alvarlegt flugumferðaratvik	Fór út af akbraut í hálku	G-UJEB	Airbus 320-200	BIKF	25.2.2024
24-015F007	Alvarlegt flugatvik	Flugumferðaratvik	TF-FFL / TF-FGB	Textron 172N / Diamond DA-20	BIRK	8.9.2024
24-031F009	Alvarlegt flugatvik	Tvöfalt flugumferðaratvik	TF-FHI & OM-XWB sem og OM-TMH & TF-KFH	Textron 152 & Airbus 350B sem og Airbus 350B & Diamond DA-40	BIRK	10.9.2024
24-045F014	Alvarlegt flugumferðaratvik	Missti jafnþrýsting í klifri	TF-NLA	Textron B200	Station Nord flugvöllur (BGNO) á Grænlandi	6.10.2024
24-057F016	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik	TF-TWO & TF-FGC	Textron 150L / Diamond DA-20	BIRK	6.10.2024
24-065F017	Alvarlegt flugatvik	Afhleypiloft ekki virkt og einkenni súrefnisskorts hjá flugáhöfn	TF-NLE	Textron B200	BIIS to BIAR	16.11.2024
24-071F018	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flug ICE750 í flugtaki þegar snjóplógur fór inn á flugbrautina	TF-ISP	Boeing 767-300	BIKF	2.12.2024
24-072F019	Alvarlegt flugatvik	Óáráðanlegir mælar í blindflugi vegna frosins afísingarvökva yfir loftþrýstingsskynjara	TF-NLE	Textron B200	BIAR	19.11.2024
24-073F020	RNSA skipar trúnaðarfulltrúa við erlenda rannsókn	Óstöðugt aðflug á lokastefnu	TF-ISX	Boeing 757-300	Verona	3.2.2024

Aldur opinna mála



Opin mál í árslok

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá að fækkun er á málum á flugsviði RNSA sem ekki var búið að ljúka í árslok 2024, ef litið er á þróun síðustu tíu ára. Tíu ára meðaltal opinna mála í árslok reiknast 20,6 og eru opin mál í árslok því vel fyrir neðan meðaltal eða 15 talsins.





Reykjavík – Janúar 2025